

630. fundur haldinn mánudaginn 10. sept. 2001 kl. 12:00
Gimli, Lækjargata 3, Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Fjármál.

Ferðamálastjóri fór yfir fjárhagsstöðu erlendu skrifstofa ráðsins í ljósi gengisbreytinga. Rekstur þriggja skrifstofa ráðsins erlendis hefur hækkað sem nemur um kr. 10.000.000 vegna gengisbreytinga frá því fjárhagsáætlun var samþykkt.

Afgreiðsla: Samþykkt var að skrifa samgönguráðherra og gera honum grein fyrir stöðunni og einnig að gerðar yrðu áætlanir til að gripa til aðgerða 1. október, ef ekki hefðu borist jákvæð svör við erindi ráðsins.

3. Vestnorden ferðakaupstefnan 2002.

Afgreiðsla: Samþykkt var að Vestnorden ferðakaupstefnan yrði á Akureyri dagana 10-12 september 2002.

4. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 2001.

Lögð var fram greinargerð umhverfisfulltrúa þar sem gerð er grein fyrir tilnefningum.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Íshestum verðlaunin fyrir árið 2001.

5. Ferðamálaráðstefnan 2001.

Farið var yfir lokadrög að dagskrá ráðstefnunnar sem haldin verður 18.-19. október á Hvolsvelli.

6. Ársreikningur Ferðamálasjóðs.

Reikningar Ferðamálasjóðs fyrir árið 2000 voru lagðir fram til kynningar í ráðinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13:20